

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Sveitarfélaginu Skagafirði.

#### 1. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. II. kafla í samþykkt nr. 249/2005 um fráveitur í Sveitarfélaginu Skagafirði.

#### 2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,275% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 3. gr.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa skal vera eftirfarandi:

	<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Tæmingargjald kr.</i>
Rotþró	0-2.000	30.028
"	2.001-4.000	33.850
"	4.001-6.000	37.672

Innheimta skal tæmingargjald eftir að tæming hefur farið fram.

Gjald fyrir sérstaka þjónustu: Tæmingargjald fyrir rotþró sem er stærri en 6.001 lítri skal vera 4.149 kr./m<sup>3</sup> fyrir hverja losun.

Fjárhæð tæmingargjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en 50 m, en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega 4.650 kr. á hverja losun. Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða fullt tæmingargjald auk aukagjalds sem nemur 50% af tæmingargjaldi. Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu tæmingargjaldi fyrir þá losun.

#### 4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 23. nóvember 2016 og staðfestist hér með, samkvæmt lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, einkum 15. gr. og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1206/2015, sbr. nr. 207/2016.

*Sauðárkróki, 24. nóvember 2016.*

**Ásta B. Pálmadóttir** sveitarstjóri.